

Jafnréttisáætlun

Borgarhólsskóla



uppfærð apríl 2026

Pórgunnur R. Vigfúsdóttir, skólastjóri

Inngangur

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (lög nr. 150/2020) er kveðið á um að fyrirtæki og stofnanir með 25 starfsmenn eða fleiri skuli setja sér jafnréttisáætlun. Markmið laganna er að atvinnurekendur nýti hæfileika og færni allra starfsmanna sinna á sem bestan hátt og ryðji úr vegi þeim hindrunum sem geta staðið í vegi fyrir jafnrétti.

Jafnréttisáætlun Borgarhólsskóla tekur annars vegar til nemenda og hins vegar til starfsmanna. Hún byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og Aðalnámskrá grunnskóla.


Jafnrétti í skólastarfinu

Jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar og er leiðarljós í öllu skólastarfi. Markmið skólans er að tryggja öllum nemendum og starfsfólki jöfn tækifæri, óháð kyni, kynhneigð, kynvitund, uppruna, trú, fötlun eða öðrum aðstæðum.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á að allir fái jöfn tækifæri til að ná árangri og að starfshættir styðji við framfarir og þroska hvers og eins. Starfið skal einkennast af metnaði, jákvæðri hvatningu og víðsýni, þar sem hver og einn fær notið sín á eigin forsendum.

Skólinn leggur áherslu á að skapa umhverfi þar sem virðing, jafnrétti og jákvæð samskipti eru í fyrirrúmi. Unnið er markvisst að því að efla meðvitund um jafnrétti í daglegu starfi, bæði í kennslu og samskiptum, og samþætta jafnréttissjónarmið í alla þætti skólastarfs.

Skólinn vinnur gegn hvers kyns mismunun og leggur áherslu á að efla sjálfsmynd, þátttöku og velferð allra. Í því samhengi er rétt að vísa til gilda skólans, eins og þau birtast í Skútu skólans (sjá <http://www.borgarholsskoli.is/is/skolinn/skolasyn>).



Skólastarf í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum og styrkleikum fólks. Í Borgarhólsskóla er því haft að leiðarljósi að tækifæri nemenda og starfsfólks byggji fyrst og fremst á hæfileikum og færni.

Í skólanum fer reglulega fram innra mat á skólastarfinu, meðal annars í formi starfsmannasamtala, starfsmannakannana og kannana meðal nemenda og foreldra. Með þessum hætti er unnt að fylgjast með og meta stöðu jafnréttismála í skólanum og bregðast við eftir þörfum.

Lögð er áhersla á að nemendur og starfsfólk hafi raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku, og leitast er við að tryggja það með markvissum hætti.

Aðgerðaráætlun

Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Eftirfylgni
Stöðugt	Að framfylgja jafnréttisáætlun	Fylgjast með að aðgerðir séu framkvæmdar og endurskoðaða reglulega	Stjórnendur	Endurskoðun árlega
Haust ár hvert	Að kynna jafnréttisáætlun	Kynna nemendahlutann á haustfundum foreldra og birta á heimasíðu Kynna jafnréttisáætlun fyrir kennurum í upphafi skólaárs	Umsjónarkennarar / stjórnendur	Metið af stjórnendum
Árlega	Að tengja jafnréttisáætlun við innra mat	Niðurstöður úr könnunum og mati nýttar til að þróa aðgerðir	Stjórnendur	Hluti af innra mati og umfjöllun í sálfsmatsskýrslu
Árlega	Að meta jafnréttisstarf	Nýta innra mat og viðtöl	Stjórnendur / starfsfólk	Sjálfsmat

Nemendur

Í Borgarhólsskóla er lögð áhersla á að nemendur læri að þekkja og tjá eigin tilfinningar og virða tilfinningar annarra, óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Allt skólastarf skal vera í anda jafnréttis þar sem lögð er áhersla á samkennd, virðingu og jákvæð samskipti.

Nemendur eru hvattir til að hafa jafnrétti að leiðarljósi í öllum samskiptum og þátttöku í skólastarfi.

Kennsluaðferðir og námsgögn skulu taka mið af jafnrétti og tryggja að allir nemendur hafi jöfn tækifæri til náms. Kennarar meta námsefni með hliðsjón af jafnréttissjónarmiðum og leggja áherslu á fjölbreyttar fyrirmyndir, meðal annars í vali á lesefni og viðfangsefnum.

Einnig er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti þannig að ólík reynsla, hæfni og áhugasvið nemenda fái notið sín.

Unnið er markvisst gegn staðalmyndum kynjanna og fordómum, meðal annars með umræðu, fræðslu og tengingu við samfélagið. Nemendum er kynnt fjölbreytt náms- og starfsval óháð kyni og leitast er við að jafna þátttöku kynja í öllum þáttum skólastarfs, þar á meðal í félagslífi og nemendalýðræði.

Reglulega eru lagðar fyrir nemendur kannanir um líðan og tengsl. Niðurstöður eru nýttar til að fylgjast með stöðu jafnréttismála og bregðast við ef munur kemur fram, meðal annars milli kynja. Einnig eru námsárangur og einkunnir greindar með hliðsjón af jafnrétti og gripið til aðgerða ef þörf krefur.

Lögð er áhersla á markvissa vinnu með jafnrétti í lífsleikni og daglegu skólastarfi.

Einelti, mismunur og kynferðisleg áreitni eru ekki liðin í Borgarhólsskóla. Nemendum er gerð grein fyrir réttindum sínum og því að slík hegðun er óásættanleg. Unnið er með mál af þessu tagi samkvæmt skýrum verkferlum og lögð áhersla á fræðslu, forvarnir og viðbrögð í samstarfi við viðeigandi fagaðila.

Aðgerðaráætlun

Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Eftirfylgni
Haust og vor	Að kanna kynbundinn mun á líðan og sjálfsmynd nemenda	Líðanarkannanir lagðar fyrir, t.d. skólapúls og tengslakannanir og rýnt í niðurstöður þeirra	Stjórnendur/ umsjónar-kennarar	Greining niðurstaðna
Stöðugt	Að efla jafnréttisvitund nemenda	Unnið með jafnrétti í lífsleikni og daglegu starfi	Kennarar	Umræður og endurskoðun í teymum
Stöðugt	Að vinna gegn staðalmyndum	Heimsóknir og fræðsla um fjölbreytt störf	Kennarar	Endurmat í starfi
Stöðugt	Að tryggja jafnan aðgang að námi	Námsefni og kennsluhættir metnir út frá jafnrétti	Kennarar / stjórnendur	Innra mat
Stöðugt	Að mæta ólíkum þörfum nemenda	Fjölbreyttir kennsluhættir	Kennarar	Kennslumat
Árlega	Að skoða kynjahlutföll í valgreinum	Greining og viðbrögð eftir þörfum	Stjórnendur	Gögn úr valigreinum
Vor	Að greina námsárangur	Einkunnir skoðaðar með tilliti til kynja	Kennarar / stjórnendur	Námsmat
Stöðugt	Að tryggja öruggt umhverfi nemenda	Unnið samkvæmt verkferlum gegn einelti og kynferðislegri áreitni og fræðsla veitt nemendum	Stjórnendur / kennarar	Skráning mála og eftirfylgni
Stöðugt	Að efla þátttöku nemenda	Tryggja að nemendur hafi áhrif á skólastarf, t.d. í	Kennarar / stjórnendur	Mat í nemendakönnu num

		nemendaráði og bekkjarfundum		
Stöðugt	Að efla virðingu fyrir fjölbreytileika	Unnið með fjölbreytileika í kennslu og daglegu skólastarfi	Kennarar	Umræður og endurmat í teymum
Stöðugt	Að efla fræðslu um jafnrétti	Fræðsla um jafnrétti, samskipti og virðingu, m.a. í lífsleikni	Kennarar / fagaðilar	Endurmat í starfi

Starfsmenn

Í Borgarhólsskóla skulu starfsmenn njóta jafnræðis í starfi, óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Allir starfsmenn eiga að hafa jafna möguleika til endurmenntunar og starfsþróunar, sem og til stöðuhækkana, breytinga á starfshlutfalli og þróunar í starfi. Gætt er að launajafnrétti þannig að greidd séu jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Stjórnendur bera ábyrgð á að tryggja að vinnuumhverfi sé öruggt og laust við mismunun, einelti og kynferðislega áreitni. Slík hegðun er ekki liðin og unnið er með mál af því tagi samkvæmt skýrum verkferlum. Starfsmönnum skal vera ljóst að þeir eiga ekki að sætta sig við slíka framkomu og að stuðningur og viðbrögð séu til staðar.

Í anda jafnréttislaga er leitast við að skapa starfsaðstæður sem gera starfsmönnum kleift að samræma starf og einkalíf eins og kostur er.

Lögð er áhersla á að jafnréttismál séu reglulega til umræðu á starfsmannafundum, bæði hvað varðar starfsfólk og nemendur, til að efla sameiginlega sýn og ábyrgð.

Aðgerðaráætlun

Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Eftirfylgni
Stöðugt	Að efla meðvitund starfsfólks	Jafnréttismál rædd á starfsmannafundum	Stjórnendur	Starfsmannasa mtöl / kannanir
Við ráðningar	Að tryggja jafnræði í ráðningum	Vísað í jafnréttisáætlun Norðurþings og gæta jafnræðis í auglýsingum	Skólastjóri	Yfirferð ráðningaferla
Árlega	Að tryggja launajafnrétti	Greining á launum eftir kyni	Skólastjóri	Launagreining
Stöðugt	Að tryggja öruggt vinnuumhverfi	Unnið samkvæmt verkferlum gegn einelti og kynferðislegri áreitni og fræðsla veitt starfsfólki	Stjórnendur	Skráning mála og eftirfylgni
Árlega	Að tryggja jafna möguleika til starfsþróunar	Starfsmönnum tryggð jöfn tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar	Stjórnendur	Starfsmannasa mtöl

Stöðugt	Að styðja jafnvægi vinnu og einkalífs	Leitast við að mæta þörfum starfsfólks með sveigjanleika eftir því sem kostur er	Stjórnendur	Mat í starfsmanna-samtölum
---------	---------------------------------------	--	-------------	----------------------------

Til að tryggja árangur jafnréttisáætlunar eru notaðir skýrir mælikvarðar og reglulegt mat. Þar má nefna starfsmannasamtöl, viðhorfakannanir meðal starfsmanna, nemenda og forráðamanna, sem og önnur gögn sem varpa ljósi á stöðu jafnréttismála í skólanum.

Framkvæmd, eftirfylgni og endurskoðun

Skólastjóri ber endanlega ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans, en getur falið kennurum og öðru starfsfólki að vinna að gerð hennar og eftirfylgni. Jafnréttisáætlun skal endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Jafnréttisáætlun Borgarhólsskóla byggir á:

- [Jafnréttisáætlun Norðurbings 2023-2026](#)
- [Menntastefnu Norðurbings 2026-2031](#)
- [Lögum um grunnskóla nr. 91/2008](#)
- [Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna 2020 nr. 150](#)
- [Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011](#)
- [Skólanámskrá Borgarhólsskóla](#)
- [Heimasíðu Jafnréttisstofu; jafnretti.is. – um skólamál](#)